

Fundur í stjórn foreldrafélagsins 7. maí 2014

Mættir voru:

Erla Rán, Sólveig, Sigga, Auður, Áshildur og Fanney.

SAMTAKA

Áshildur kynnti bekkjarsáttmála sem Heimili og skóli stendur fyrir og kynntu á fundi fyrr í vetur. Foreldrafélagið ætlar að skoða þessa sáttmála í haust og ákvað hvernig verður unnið með þetta. Sigga ræddi á fundi SAMTAKA um sameiginlegu matseðlana. Þeir koma vel út fjárhagslega en annað hefur ekki verið skoðað.

Bekkjarhittingar

Í vetur hafa verið óvenjufáir bekkjarhittingar. Fanney ætlar að senda póst á foreldra til að minna á.

Bókhald

Áshildur fór yfir stöðu reikninga, staðan er mjög fín en ekki nákvæmar tölur.

Skipulag næsta vetrar

Umræður um næsta vetur, ekki er enn komið fast plan.

Efnafræðitilraunir

Hægt er að fá starfsfólk Háskólans á Akureyri til að koma inn í grunnskólana til að gera vísindatilraunir. Sniðugt að nýta það þegar ekki er mikil eðlis- og efnafræðikennsla í skólanum.